

J E N S E N S H Ú S E S K I F I R Ð I

Dvalarstaður lista- og fræðimanna

Ú T H L U T U N A R R E G L U R

1. grein

Jensenshús er dvalarstaður fyrir lista- og fræðimenn, íslenska og erlenda.

Jensenshús er í eigu Fjarðabyggðar og hefur stjórnslu- og þjónustusvið umsjón með og rekur lista- og fræðimannaíbúðina í húsinu. Auglýst skal eftir umsóknum um dvöl í húsinu á íslenskum og erlendum vettvangi í október ár hvert og gilda þær umsóknir fyrir næsta almanaksár. Dvalartími hvers gests er ein til sex vikur.

2. grein

Stjórnslu- og þjónustusvið Fjarðabyggðar ásamt forstöðumanni menningar- og safnamála velur úr innsendum umsóknum.

Eftirfarandi skal haft til hliðsjónar.

- a) Verkefni sem varða Fjarðabyggð njóta forgangs auk verkefna sem tengjast Austurlandi eða austfirskri menningu.
- b) Íslendingar skulu aldrei vera færri en 2/3 þeirra sem fá úthlutuðum tíma í húsinu.
- c) Dvalartími á ekki að vera skemmri en ein vika. Jafnframt á dvalartími ekki að vera lengri en sex vikur nema nýttur sé aukatími.

3. grein

Forstöðumaður menningar- og safnamála annast öll samskipti við dvalargesti og er þeim innan handar á dvalartíma nema annað sé ákveðið.

4. grein

Ekki er gert ráð fyrir neinni greiðslu vegna dvalar í Jensenshúsi annarri en fyrir afnot af síma. Hins vegar er ætlast til að þeir sem þar dvelja í húsinu komi á einhvern hátt á framfæri því sem þeir eru að vinna að í sinni list og/eða fræðigreini eða öðrum verkum sínum, á meðan á dvalartíma stendur. Æskilegt er að gestir Jensenshúss geri grein fyrir í umsókn sinni með hvaða hætti þeir hyggist koma sinni list og/eða fræðiverkum á framfæri í Fjarðabyggð á meðan á dvöl stendur. Gestur getur því verið beðinn um að halda sýningu, tónleika, fyrirlestur eða taka þátt í samkomu, skilja eftir listaverk eða eitthvað annað sem um semst milli hans og forstöðumanns menningar- og safnamála.

5. grein

Gera skal samning um afnot af Jensenshúsi milli hvers gests og stjórnslu- og þjónustusviðs Fjarðabyggðar. Er samningsgerðin á höndum forstöðumanns menningar- og safnamála fyrir hönd atvinnu- og menningarnefndar Fjarðabyggðar.

6. grein

Atvinnu- og menningarnefnd er heimilt að breyta þessum reglum ef þurfa þykir.

Samþykkt af atvinnu- og menningarnefnd 26. mars 2014.